

Samgöngur



Björg Vigfúsína Kjartansdóttir


Myndirnar eru héðan og þaðan af Netinu



Til að komast á milli staða förum við oft með bílum. Bílarnir sem við ökum á eru misstórir. Sumir fara með strætó aðrir fara á einkabílum og enn aðrir fara á hjólum. Síðan fara sumir gangandi.



Í gamla daga voru ekki til bílar til að komast á leiðar sinnar. Þá gekk fólk eða fór á hestum á milli staða. Það þurfti oft að ganga langa lengi. Fólkið átti ekki eins góða skó og við eigum í dag. Heldur var það á sauðskinnskóm sem slitnuðu fljótt. Sauðskinnsskór voru úr leðri og það var þrjónað inn í þá leppur til að mýkja þá og gera þá hlýrri.



Pósturinn var fluttur með hestum á milli staða. Þá var bréfið kannski búið að fara fyrst á hesti og þaðan í skip og svo að lokum með hesta póstlestinni áður en það komst á áfangastað. Í dag förum við með bréfið í póstkassann sem er síðan tæmdur þar sem kemur maður á bíl og tekur póstinn. Eða við sendum tölvu póst sem fer með Netinu þar sem enginn þarf að bera eða keyra póstinn.



Hestalest að flytja póst og annan varning.



Hvað eru samgöngur?

Samgöngur eru tæki, götur eða t.d. brýr sem við nýtum okkur til að komast á milli staða.


Samgöngur eru ferðir sem við förum með fólk eða varning á milli staða.

Stundum notum við farartæki og stundum göngum við. Við nýtum okkur vegi til að ferðast eða aka á. Göngustíga eða gangstéttar til að ganga eða hjóla á. Flugvélar til fljúga á. Skip til að sigla á.



Farartæki

Við höfum ýmsar gerðir af farartækjum t.d. hjól, bíla, strætisvagna, rútur, mótórhjól, sendiferðabíla, flugvélar skip, ferjur og lestir í útlöndum og báta á síkjum.



Fyrsti bíllinn sem kom til Íslands kom í júní 1904. Sá bíll var keyptur notaður og reyndist ekki vel. Hann var kraft lítill og bilaði oft.



Thomsensbíllinn

1914 var fyrsti vörubíllinn fluttur til Íslands. Um 1920 var búið að flytja um 170 bíla til Íslands. Hvað haldið þið að það séu margir bílar á Íslandi í dag?

Til að koma með vörur til Íslands þurfti að flytja þær með skipi eins ef fólk fór erlendis þá sigldi það með skipi og var það oft kallað að vera sigldur ef maður hafði farið til útlanda. Það höfðu ekki allir efni á því að fara til útlanda, það var mjög dýrt og tímafrekt. Síðan komu flugvélar og fólk var flogið á milli landanna.




Fólk sem átti heima úti á landi, til dæmis á Ísafirði og þurfti að fara til Reykjavíkur hafði ekki mörg farartæki til að koma sér á milli. Það þurfti að ganga sem tók marga, marga daga. Sumir fengu far með hestum og það tók líka marga daga. Síðan fengu sumir far með skipi og sigldi á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur það tók líka tíma. Í dag er hægt að aka frá Ísafirði til Reykjavíkur, taka rútuna eða fljúga.

Jarðgöng



Firðirnir voru ekki allir brúaðir þ.e.s. það þurfti að fara yfir vötn og sjó á vaði, þar sem grynnt var yfir vatnið. Síðar voru byggðar brýr og en síðar jarðgöng til að stytta leiðirnar á milli staðanna. Í gamla daga þurfti að keyra hvalfjörðinn til að komast norður eða vestur en í dag getum við farið Hvalfjarðargöngin. Það hefur stýtt leiðina og minkað hættuna á ferðalaginu mjög mikið.



Ferjur

Við höfum nokkrar ferjur hérna á Íslandi t.d. höfum við ferju sem fer á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar.



Ferjan heitir Herjólfur.

Við höfum líka ferju sem heitir Baldur og fer á milli í Breiðafirðinum.



Munið þið eftir fleiri ferjum?

Flugvélar

Fyrsta flugvélin sem lenti á Íslandi kom hingað árið 1924 hún kom frá Orkneyjum og lenti á Höfn í Hornafirði. Þessi vél var að fara hringinn í kringum jörðina.

Tilraunir til flugferða á Íslandi byrjuðu með því að það voru fluttir til landsins flugvélapartar sem voru settir saman. Það var flogið frá Vatnsmýrinni í vélinni. Það komust þrír í vélina. Fólk hafði tækifæri til að kaupa sér far með vélinni og fljúga kringum borgina. Þetta þótti skemmtilegt en gekk ekki upp. Þetta var of dýrt. Flugvélin var tekin aftur í sundur.



Nú fljúgum við á milli staða á Íslandi með allavega flugvélum og við fljúgum erlendis með stórum vélum.



Sumir eiga eigin flugvélar eða þyrflur til að komast á milli staða.



Lestir

Lestir eru samgöngutæki sem notaðar til að flytja fólk og allavega farm. Lestar ganga yfirleitt eftir tveim járnbrautarteinum sem eru búnir til úr stáli.

Einu sinni var lest á Íslandi. En það var ekki í langan tíma. Það telja margir erfitt að hafa lest á Íslandi útaf veðrinu hjá okkur. Sumir sjá fyrir sér að lest gangi á milli Reykjavíkur og Keflavíkur.

Það eru til nokkrar mismunandi lestir til dæmis er **háhraðalest** sem ferðast á mjög miklum hraða eða um 200 km/ á klst. Dæmi um háhraðalest sem fer á milli landa er lest sem fer á milli Parísar og Lundúna.



Léttlest er járnbrautarlest sem er lestarkerfi sem er á milli spurvagns og snarlestar. Þessi lest tekur færri farþega og er ekki jafn hraðskerið og snarlest. Léttlest getur tekið fleiri farþega en spurvagn og farið hraðar en hann.

Snarlest eða neðanjarðarlest er notuð í stórborgum. Það komast margir farþegar í snarlestina og hún fer margar ferðir á sólahring. Í London er elsta snarlestarhverfi í heimi.



Umferðareglur.



Ef við myndum ekki hafa umferðareglur hvernig myndi göturnar okkar vera þá?

Reglurnar eru til að hjálpa okkur að komast á leiðarenda án þess að lenda í slysi og til að koma í veg fyrir umferðaflækjur eða öngþveiti.

Við höfum umferðareglur fyrir þá sem eru gangandi, þá sem eru hjólandi og þá sem eru akandi.

Við þurfum öll hvort sem við erum gangandi á hjóli eða á bíl að stoppa á rauðu ljósi. Á gulu ljósi erum við til búin og á grænu ljósi höldum við áfram. En við þurfum samt alltaf að horfa vel í allar áttir og fylgjast með hvort einhver sé nokkuð að gleyma sér.





Þegar við göngum yfir götu verðum við að

1. Stoppa
2. Hlusta
3. Horfa til beggja hliða



Þegar við erum á hjóli þurfum við að taka tillit til gangandi vegfarenda og almennar umferðarreglur gilda. Við eigum alltaf að leiða hjólið yfir gangbrautir.

Í dag er hægri umferð hjá okkur á Íslandi en í gamla daga var vinstri umferð.

Við erum með umferðamerki til að hjálpa okkur. Merkin tákna ákveðna hluti. Þegar við lærum á mótorhjól eða bíl verðum við að vita hvað öll merkin tákna.

Umferðamerkin skiptast í nokkra flokka.

Viðvörðunarkerki sem eru eins og þríhyrningar í laginu.



Bannmerki sem eru í þessum dúr



Boðmerki sem eru svipuð þessu

Upplýsingamerki




Þjónustumerki

Hvernig vinnur bílinn?




Til þess að bíllinn komist áfram þarf hann að fá kraft eða orku. Alveg eins og við, við fáum orku og kraft með því að borða hollan og góðan mat. Bíllinn fær annarskonar mat sem er olía, bensín, metan eða rafmagn. Til þess að knýja vélina áfram er olía sett á bíllinn. Olían dugar ekki ein og sér það þarf meira til þess að bíllinn fari af stað. Þegar við störtum bílnum þá fer af stað ferli þar sem það er lítill eldur sem kveikir í olíunni. Þannig verður orkan til og bíllinn kemst af stað.




Á þessari síðu eru sniðug myndbönd sem skýra hlutina vel út.

<http://auto.howstuffworks.com/camshaft.htm>

Það eru stimplar í vélinni sem þjappa lofti og bensíninu saman og við það brennur blandan og drífur bílinn áfram.



Vél úr bíl



Bíllinn þarf líka vatn eins og við. Allir bílar eru með vatnskassa. Í vatnskassanum er vatn sem notað er til að kæla vélina niður þannig að bíllinn hitni ekki of mikið og hann bræði úr sér.



Það þarf líka anna geymi fyrir vatn eða rúðupiss. Rúðupissið er notað til að sprauta á rúðurnar til að þrifa þær svo við sjáum út á meðan við erum að keyra annars getum við lent í miklum vandræðum.

Til þess að dekkinn snúist á bílnum þarf að vera drif og drifskaft. Við endann á drifskafinu er gírkassi. Gírkassi er þar sem skipt er um gíra, til að láta vélina vinna léttar.



Brýr á Íslandi

Eins og við höfum fjallað um voru ekki til brýr í gamla daga. Þá var farið yfir árnar á vaði. Annaðhvort var fólk gangandi eða á hestum. Sumstaðar voru settar ferjur, litlir bátar til að komast yfir, annarstaðar voru settir plankar til að fólk kæmist þurrum fótum yfir. Brýr voru afar sjalgæfar. Smám saman var farið að byggja brýr. Allavega brýr, þær voru hlaðnar úr grjóti, smíðar úr timbri, jární og sumar eru steiptar.



Þessar myndir eru af þessum vef

<http://www.ljosmyndari.is/Myndaalbum/Gunnar%20Karl%20Gunnlaugsson.htm>

















Borgarfjarðarbrú er 520 metrar og er næstlengsta brúin á landinu á eftir Skeiðarárbrú. Það tók 7 ár að byggja hana.





Skeiðarárbrú er 880 metra löng, þó upphaflega hafi hún verið 904 m, en brúin stýttist þegar skemmdir hlutar hennar voru endurbyggðir eftir hlaupið 1996. Á brúnni eru 5 útskot til mætinga.



Hérna er biti af brúnni sem fór þegar hún skemmdist í jökulsárhlaupi 1996



Brýr úti í heimi.





